

Ársskýrsla og reikningur 2019

Kirkjugarðasamband Íslands



Aðalfundur KGSÍ var haldinn á Hallormsstað 8. júní 2019.

Október 2020

Efnisyfirlit:

1. Formáli bls. 3
2. Stærsta hlutverk KGSÍ innan kirkjugarðageirans bls. 4-5
3. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2019 bls. 6-7
4. Fyrir þá sem nýlega hafa komið að málefnum kirkjugarða bls. 7-8
5. Aðalfundur 2019 haldinn á Hallormsstað bls. 8-10
6. Legstaðaskráin www.gardur.is bls. 10-11
7. Útgáfa Bautasteins bls. 11-12
8. Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð bls. 12-13
9. Erlend samskipti bls. 13
10. Áform um aðalfund á Hótel Laugarbakka í Miðfirði vorið 2020 og síðan á Hótel Natura, Reykjavík, um haustið bls. 13-14
11. Margir lögðu hönd á plóginn bls. 14

Aftan við skýrsluna:

- ✓ Rekstrarátæln 2019 á bls. 15
- ✓ Minnisblað af fundi í dómsmálaráðuneytinu á bls. 16
- ✓ Samningur við Hugsmiðjunna og ársreikningur 2019 þar fyrir aftan.

Ársskýrsla KGSÍ 2019

1. Formáli

Af ástæðum sem allir þekkja hefur allt félagsstarf raskast á árinu 2020 vegna hinnar skæðu farsóttar COVID-19. Félagstarf innan KGSÍ ber þess merki. Þegar þessar línur eru ritaðar liggur fyrir að aðalfundi 2019 verði frestað til vorsins 2021. Vonandi verður þá hægt að hittast og taka upp þráðinn á þessum vettvangi. Áformað er að halda aðalfund 2019 og 2020 á Hótel Laugarbakka í Miðfirði um mánaðarmótin maí-júní 2021. Á þeim fundi verða mannaskipti í stjórn KGSÍ, núverandi stjórn mun ekki gefa kost á sér og þarf því að velja nýja framvarðasveit innan sambandsins. Að mörgu er að hyggja og það er brýnt að vinna áfram að upphaflegum markmiðum, þ.e.:

1. Að efla samstarf kirkjugarða og standa vörð um faglega hagsmuni þeirra.
2. Að koma fram fyrir sambandsaðila gagnvart stjórnvöldum og gæta hagsmuna þeirra á sviði fjármála.
3. Að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða, í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.

Þann aldarfjórðung, sem KGSÍ hefur starfað, hefur ávallt verið lögð áhersla á að stjórnina skipi fulltrúar frá stórum kirkjugarði, meðalstórum garði og dreifbýlisgarði. Þannig hefur fengist þversnið af sjónarmiðum þeirra sem starfa á þessum vettvangi á Íslandi. Rekstur KGSÍ er orðinn nokkuð umfangsmikill og starfsemin innan sambandsins krefst þess að fyrir hendi sé skrifstofuaðstaða og starfsfólk sem getur gripið í og afgreitt þau verkefni sem fyrir liggja. Þessi verkefni hafa fram að þessu verið unnin að verulegu leyti á skrifstofu KGRP og einnig KGA. Það er mín skoðun að allir stærstu kirkjugarðar landsins geta vel séð um þessi verkefni ef til kæmi (kirkjugarðar í flokki 1-3).

Við sem hræst höfum innan um hin ýmsu verkefni KGSÍ vitum að sambandið þarf á að halda fúsum höndum til verka. Töluverð umræða hefur verið um hvernig auka mætti áhuga þeirra sem hafa verið kosnir til starfa í tengslum við kirkjugarðanna. Fráfarandi stjórn er ekki í nokkrum vafa um að til starfa komi menn og konur úr grasrótinni sem vilja starfa á þessum vettvangi sem mótast hefur sl. 25 ár.

Í þessari skýrslu verða rakin þau helstu verkefni sem KGSÍ annast frá ári til árs og rifjuð eru upp helstu atburðir sem fóru fram árið 2019.

F.h. stjórnar,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

2. Stærsta hlutverk KGSÍ innan kirkjugarðageirans

Í lögum KGSÍ er kveðið á um hver sé tilgangur með stofnun sambandsins. Stjórn KGSÍ hefur frá upphafi stofnunar sambandsins látið sig fjármál kirkjugarða miklu varða og fljótlega voru sambandinu fengin hlutverk sem áður voru innan ráðuneyta og hjá Fjárvörslu ríkisins. Eitt af aðalverkefnum KGSÍ hefur verið að skipta þeim fjármunum sem koma frá ríkinu milli kirkjugarða. Í stórum dráttum fer skiptingin eftir því hversu stór umhirðusvæði þeirra eru og hversu margar grafir eru teknar á ári. Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og þeirra sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir skv. lögum:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald og miðar við framlag ríkisins. Stjórn KGSÍ leggur þá til við kirkjugarðaráð hversu hátt einingaverðið geti verið. Greftrunargjaldið er síðan endanlega ákveðið af kirkjugarðaráði í upphafi hvers árs og fer það eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur á landinu. Á heimasíðunni gardur.is má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er á yfirstandandi ári og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum gardur.is og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
 - a) Kirkjugarðasjóður fær nú 8% af heildarframlagi beint frá Fjársýslu ríkisins (einnig 8% 2019).
 - b) Greftrunarsjóður v/greftrana.
 - c) Umhirðugjald til kirkjugarða landsins.
 - d) Framlag til bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikninga KGSÍ 15. hvers mánaðar.
5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:
 - a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða,
 - b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á gardur.is í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir,
 - c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík.

Einingaverð hafa ekki fylgt þróun kaupgjalds og verðlags á undanförunum árum og erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir sem hækkaði langt umfram verðlag á tímabilinu 2013-2016.

Áfram reynt ná fram leiðréttingu einingaverða.

Á árinu 2018 reyndi stjórn KGSÍ að ná athygli ráðamanna með því að virkja aðila innan stjórna stærstu kirkjugarða landsins. Strax um vorið 2018 var þráðurinn tekinn upp og þá hófust fundahöld með þeim þingmönnum sem gáfu kost á sér. Tveir fundir voru haldnir með fjárlaganefnd og báru þeir þann árangur að fjárlaganefnd setti inn á fjárlög 50 m.kr. aukafjárveitingu sem kirkjugarðar nutu góðs af á yfirstandandi ári (sjá nánar í ársskýrslu 2018).

Haustið 2019 bárust fréttir af því að nýr dómsmálaráðherra hefði áhuga á að afnema greiðsluskyldu kirkjugrða vegna prestsþjónustu en tillaga um þá lagabreytingu frá kirkjugarðaráði lá fyrir í ráðuneytinu. Stjórn KGSÍ fékk fund með ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis og rædd voru fjárhagsvandræði kirkjugarða og inn í þá umræðu blandaðist fljótlega sá möguleiki að afnema greiðsluskyldu til kirkjugarða vegna prestsþjónustu. Stjórn KGSÍ lagði fram minnisblað á fundinum þar sem rökstudd var sú beiðni að ríkisvaldið lækkaði ekki framlagið þó að greiðsluskyldan yrði afnumin. Ráðuneytisstjóri var mjög vinsamlegur og sagðist styðja þessa beiðni stjórnar KGSÍ (sjá minnisblaðið aftan við skýrsluna).

Þegar þessar línur eru skrifaðar í október 2020 hafa kirkjugarðar verið leystir undan því að greiða prestum og forstöðumönnum safnaða þóknun vegna þjónustu við útfarir með lagabreytingu sem tók gildi 23. júlí 2020. Þessi lagabreyting mun koma því til leiðar að hægt verður að nálgast betur kostnaðarrétta upphæð við grafartökur hvort heldur hjá kirkjugörðum sem ráða verktaka eða í stóru görðunum sem eru með eigið vélaúthald.


KGSÍ annast mörg föst verkefni

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins og til presta frá 2012. Fyrstu þrjú árin, 2005-2007, komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Kirkjugarðaráð er síðan sá aðili sem ákveður endanlega hvernig skiptingin skuli vera.

Þóknun til presta, forstöðumanna trúfélaga og lífsskoðunarfélaga fyrir þjónustu við útfarir var 80,6 m.kr. á árinu 2019 og er því eftir nokkru að slægjast. Ekki hefur komið króna á móti þessum hækkunum frá ríkinu. Þóknunin er greidd af svokölluðu greftrunarframlagi frá ríkinu. Kirkjugarðar landsins hafa um árabíl þurfa að taka af tekjum vegna umhirðu til að greiða það sem á vantar. Reikningar frá verktökum eru þó víðast hvar vel undir gildandi töxtum.

3. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2019

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins árið 2019 var **kr. 1.242.600.000**. Framlagið hefur verið skert um 50% frá hrúni. Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað gríðarlega frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Skipting ríkisframlagsins má sjá á myndinni á næstu síðu.



Framlag ríkisins árið 2019 var ásamt framlagi í kirkjugarðasjóð **kr. 1.242.600.000** en árið 2018 var framlagið kr. 1.132.200.000. Hækkunin er 9,75% milli ára. Stærstur hluti gjalda hjá stærri kirkjugörðum er launakostnaður. Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 4,3%¹ og hefur því myndast borð fyrir báru milli þessara ára og veit á gott. Eitt af meginverkefnum sem KGSÍ er falið af kirkjugarðaráði er að leggja til upphæð einingaverða fyrir hvert ár. Framlag vegna grafartöku sem er um 16% af heildarupphæð hefur á engan hátt nægt til að greiða verktökum sem taka grafir hjá þeim kirkjugörðum sem ekki eru með vélaútgerð og þeir kirkjugarðar sem eru með eigin vélaútgerð hafa einnig þurft að borga með grafartökunni, þ.e.a.s. taka af umhirðutekjunum.

¹ Launavísitalan var 660,9 stig í júní 2018 en 689,3 stig í júní 2019.

Framlag ríkisins til kirkjugarða minnkaði jafnt og þétt frá hruni til ársins 2019. Þetta má glögglega sjá hér fyrir neðan þegar hækkun einingaverðs og hækkun launavísitölunnar eru bornar saman á löngu árabili.

Í þessari töflu kemur fram hver þróun einingaverðs hefur verið frá árinu 2008 til 2017 á móti hækkun launavísitölu. Spurt er: Hvernig á að vera hægt að veita lögbundna þjónustu eftir að slíkt misgengi hefur átt sér stað? Misgengið á árinu 2017 var 453 m.kr. að nafnvirði en í heild all tímabilið vel á þriðja milljarð.			
Breyting á framlagi til kirkjugarða og breyting launav.t. frá 2008-2017	2008	2017	Hækkun %
Einingakostnaður umhirðu (kr/m ²)	543 kr	618,62 kr	14
Einingakostnaður vegna grafartöku (kr/kistugróf)	96.829 kr	110.399 kr	14
Einingakostnaður vegna líkbrennslu	61.535 kr	70159 kr	14
Launavísitalan (346,2 stig í júní 2008 og 623,8 í júní 2017)	346,2	623,8	80,2

4. Fyrir þá sem nýlega hafa komið að málefnum kirkjugarða.

Á grunni viðamikillar skýrslu um fjármál kirkjugarða sem KGSÍ gaf út árið 2003: https://gardur.is/kgsi_vefur/SKYRSLA_all.pdf var undirritað samkomulag milli ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjárveitingar til kirkjugarða sem tók gildi árið 2005.



Samkomulagið byggði á gjaldalíkani sem unnið var úr skýrslu KGSÍ og var tæki til að nálgast raunverulega þörf garðanna til lögbundins reksturs. Útbúið var einingaverð umhirðu, grefrana og til líkbrennslu. Þetta einingaverð átti samkvæmt samkomulaginu að þróast í samræmi við verðlag og kaupgjald. Fyrstu þrjú árin var að mestu unnið í samræmi við samkomulagið en eftir efnahagshrun tók annar veruleiki við. Góður skilningur var innan málaflokksins á sambærilegri skerðingu og aðrar stofnanir þurftu að þola en það sem forráðamenn kirkjugarðamála höfðu ekki skilning á var sú aðferðafræði fjármálaráðuneytisins að skerða einingaverðið allar götur frá árinu 2008.

Vitanlega átti að uppreikna einingaverðið á hverju ári og skerða síðan þá upphæð sem út kom til samræmis við aðrar stofnanir. Öll þessi ár, þ.e. frá 2009 til 2019, sendi stjórn KGSÍ ríkisstjórnnum, embættismönnum ráðuneyta og alþingismönnum upplýsingar um bága stóðu kirkjugarða. Gefnar voru út margar skýrslur og þess var gætt að velja til verksins kunnáttumenn í rekstri fyrirtækja sem stóðu utan við málaflokkinn:

- [Kirkjugarðasamband Íslands – úttekt á samkomulagi við ríkið – janúar 2011 unnin af Hallbirni Björnssyni sérfræðingi hjá Capacent.](#)
- [Fjármál kirkjugarða – greining og tillögur – apríl 2013, unnin af Haraldi L. Haraldssyni, hagfræðingi.](#)
- [Endurskoðun kirkjugarðasamkomulags – úttekt nefndar á samkomulagi frá 2005 og athugun á ákvæðum laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 – mars 2016.](#) Nefndarformaður Jóhannes Finnur Halldórsson, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu.
- [Fjárhagsvandi kirkjugarða – sjónarmið fulltrúa kirkjugarðaráðs í nefndinni – febr. 2015 og mars 2016.](#) Höfundur Þórsteinn Ragnarsson, formaður KGSÍ.

5. Aðalfundur 2019 haldinn á Hallormsstað.

Tuttugasti og fjórði aðalfundur KGSÍ var haldinn á Hótel Hallormsstað 8. júní 2019 og voru fundarmenn 44 og með mökum um 70 talsins. Fundurinn var haldinn í björtu og fallegu veðri. Fjármál kirkjugarða voru fyrirferðamikil eins og venjulega og lagt var á ráðin hvernig best væri að ná eyrum ráðamanna.



Formaður KGSÍ setur aðalfundin á Hallormsstað laugardaginn 8. júní 2019.

Dagskráin var fjölbreytt og flutt voru mörg erindi og er hér getið þeirra dagskrárliða sem komu á eftir venjubundnum aðalfundarstörfum:

“Nýja skráningarkerfið” Arnfinnur R. Einarsson tölvumaður hjá KGSÍ fór yfir helstu þætti þess og svaraði fyrirspurnum.

“Framkvæmdir í fjórðungnum” Guðmundur Rafn Sigurðsson frkv.stj. kirkjugarðaráðs fór yfir framkvæmdir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi og sýndi myndir frá þeim.

Stjórn KGSÍ gerir grein fyrir því átaki sem farið var í á síðasta ári og varðar fjármál kirkjugarða.

„Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Eiðum“ – Þórhallur Pálsson sóknarnefndarformaður og arkitekt sagði frá.

„Rafmagnsverkfæri í kirkjugörðum“. Kristján Linnet garðyrkjumaður hjá KGRP sagði frá reynslu garðyrkjudeildar KGRP .

Skúli Björn Gunnarsson flutti erindi heimamanns.

Á fundinum var tilkynnt að tveir KGSÍ-félagar, þeir Jóhannes Pálmason fyrrv. formaður KGRP og Örn Arnarson frá Höfn yrðu gerðir að heiðursfélögum og var þeim afhent heiðursfélagsskjal og mökum þeirra blómvönd á skemmtuninni um kvöldið.

Á sunnudagsmorgni var farin skógarferð undir leiðsögn Þórs Þorfinnssonar skógarvarðar. Eftir hádegi á sunnudegi fóru aðalfundarfulltrúar og makar að tygja sig til heimferðar og kvöddust í anddyri hótelsins eftir velheppnaðan aðalfund og góða skemmtun.



Bjálkakofi í Hallormsstaðaskógi varð á vegi göngumanna um skóginn. Efniviðurinn er fenginn frá grisjun skógarins.

Stjórn og formaður.

Á aðalfundinum á Hallormsstað gaf Þórsteinn Ragnarsson áfram kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma endurkjörinn. Guðmundur Rafn Sigurðsson og Albert Eymundsson gáfu jafnframt kost á sér í aðalstjórn og Sveinn Valdimarsson og Þórunn Ragnarsdóttir í varastjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þjóðbjörn Hannesson á Akranesi og Magnús Gunnarsson í Hafnarfirði voru áfram kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Á milli aðalfunda 2018 og 2019 voru haldnir átta stjórnarfundir auk óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru haldnir í Reykjavík.

Rekstraráætlun og rekstur KGSÍ 2019

Því miður er lítið sjálfsaflafé til umráða. Rekstraráætlun hverju sinni byggist á styrk frá kirkjugarðasjóði. Smávegis rekstrarafgangur var í árslok (sjá rekstraráætlun og ársreikning aftan við skýrsluna).

Sameining kirkjugarðastjórna

Ekkert hefur lengi gerst í því brýna máli. Áhugi fyrir sameiningu er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og beðið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða reglugerð um sameininguna. Það eru mikil vonbrigði að þetta mál hafi ekki náð meiri framgöngu en raun ber vitni. Það er sannfæring stjórnar KGSÍ að mun betur væri hægt að standa að stjórnun þessarar þjónustugreinar ef mun færri og virkari stjórnir sæju um málefnið. Tekið skal fram að stjórn KGSÍ hefur ávallt undirstrikað að hver kirkjusókn ætti aðild að sameiginlegri stjórn, eins og gert var í Eyjafirði um árið. Þar með væri tryggt að fulltrúi smærri kirkjusókna væri í sameiginlegu stjórninni sem væri yfir öllum kirkjugörðum í prestakallinu eða tveimur samliggjandi prestaköllum. Minnt skal á að 24 stjórnarmenn eru í sameiginlegri stjórn yfir Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma. Stjórn KGSÍ er sannfærð um að fækkun kirkjugarðastjórna sé farsælt skref. Innan þjóðkirkjunnar er stefnt að fækkun sókna og það gengur einnig brösuglega. Líklega verður þetta tvennt að fylgjast að þó að það sé ekki nauðsynlegt kerfislega frá bæjardryum KGSÍ séð.

6. Legstaðaskráin Gardur – stærsta verkefni KGSÍ frá upphafi

Hin miðlæga legstaðaskrá gardur.is er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Eitt af



meginmarkmiðunum með stofnun hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur

náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við gardur.is hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkerfi í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi hafa verið endurforrituð og

sameinuð undanfarið ár og enn er verið að forrita. Nýja kerfið (sjá nánar hér á eftir) stendur öllum kirkjugörðum opið og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar. Stjórn KGSÍ mun kappkosta að kynna kerfið fyrir kirkjugarðastjórnnum og starfsmönnum kirkjugarða til að ljóst sé hvaða notkunarmöguleika þeirra garður hefur.

Endurforritun kerfa á gardur.is er að mestu lokið og viðhaldsvinna hefur tekið við.

Seint á árinu 2016 setti stjórn KGSÍ sig í samband við hugbúnaðarfyrirtækið Hugsmiðjuna ehf. og fékk starfsmenn þar til að greina forritun og öryggismál á gardur.is. Í ársskýrslum 2016 og 2017 var gerð grein fyrir þessari vinnu. Vinna við endurforritun reyndist mun viðameiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og var unnið við kerfið allt árið 2017 og 2018 og fyrstu fjóra mánuði ársins 2019. Kostnaður við þessa vinnu hefur tekið hressilega í og það sem hefur bjargað málum eru styrkir frá kirkjugarðasjóði, greiðslur úr grafarsjóði, sem hefur verið rekinn réttu megin við strikið þessi ár, og framlag Kirkjugarðasambandsins sem hefur látið allt afgangsfé í nýja kerfið. Gerður var viðhaldssamningur við Hugsmiðjuna og er afrit af honum aftan við skýrsluna (sjá bls. 17).

Áfram er haldið að mæla upp kirkjugarðana og koma þeim á netið. Sigurgeir Skúlason hjá kirkjugarðaráði sér um þá vinnu. Hann segir að eftir að kortin voru tengd við loftmyndir Loftmynda ehf. hafi sú vinna bæst við að gera skipulag af þeim gördum sem fara inn á netið, þ.e. að teikna inn grafarstæði á ógráfin svæði samkvæmt skipulagi, bæði kistu og duftstæði og gefa þeim númer. Þegar skráð er inn ný greftrun í garði uppfærist kortið jafnhliða en því aðeins að númer grafarstæðisins sé notað. Fyrir nokkrum árum hóf starfsmaður kirkjugarðaráðs að taka loftmyndir með dróna af gördunum sem hjálpar mikið við kortagerðina og skipulag garðanna sem og sýnir stöðu þeirra þegar myndin er tekin og er góð söguleg skráning á stöðu garðanna til framtíðar litið.

Áhugi er innan stjórnar KGSÍ að efla heimasíðuna www.gardur.is og gera hana að einskonar aðalheimasíðu kirkjugarða á Íslandi. Stjórnin hefur ákveðið að gera athugun á kostnaði við slíka vefsíðugerð og kanna áhuga meðal starfsmanna kirkjugarða á landinu.

7. Útgáfa Bautasteins - fagrits

Bautasteinn (fagritið) kom út í maí 2020 (1. tölublað 25. árgangs).

Á slóðinni: <https://www.gardur.is/kgisi.php> má sjá *Bautastein* frá upphafi. Blaðið kemur út í 1.400 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja. Ritnefndarfundir vegna *Bautasteins* hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundir áður en blaðið kemur út á vorin. Í ritnefnd eru: Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurjón Jónasson, Albert Eymundsson og Þórsteinn Ragnarsson.



Stærstu kirkjugarðarnir styrkja útgáfuna með kaupum á blaðinu sem síðan er dreift á þjónustusvæði viðkomandi kirkjugarðs. Mikill metnaður hefur frá upphafi verið innan stjórnar KGSÍ og ritstjórnar *Bautasteins* að hafa blaðið vandað og með fréttir og greinar sem víðast af landinu. Valþór Hlöðversson framkvæmdastjóri hjá Ritformi ehf sér um útgáfu blaðsins.

8. Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð

Samkvæmt lögum hefur kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um

ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s útdeilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl. Þjónustusamningur er á milli KGSÍ og kirkjugarðaráðs.

9. Erlend samskipti - NFKK

KGSÍ á aðild að norræna sambandinu NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier, sjá slóðina <http://www.nfkk.eu>, og eiga formaður og varaformaður KGSÍ sæti í stjórn þess.

Haldnir eru 1-2 fundir á ári og eru fundarstaðir gjarnan höfuðborgir Norðurlandanna á víxl. Á þessum fundum er tekið fyrir það helsta sem er að gerast í þessum málaflokkum á Norðurlöndunum. Tveir fundir voru haldnir árið 2019. Fyrri fundurinn var haldinn 21. janúar í Ribe í Danmörku. Forstjóri KGRP og framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs sóttu fundinn fyrir Íslands hönd. Seinni fundurinn var haldinn í Reykjavík 22. og 23. ágúst og var stjórn KGSÍ þá í hlutverki gestgjafans.



Hádegisfundur í stjórn NFKK haldinn í þjónustuhúsinu í Hólavallagarði 23. ágúst 2019.

10. Áform um aðalfund á Hótel Laugarbakka í Miðfirði vorið 2020 og síða á Hótel Natura, Reykjavík, um haustið – það gekk ekki eftir.

Til stóð að halda tuttugasta og fimmta aðalfund KGSÍ á Hótel Laugarbakka í Vestur Húnavatnssýslu 23. maí 2020 og hafði stjórn KGSÍ auglýst hann. Vegna slæmrar þróunar COVID-19 þótti ekki fært að efna til fundarins með fulltrúum víðsvegar af landinu og var fundinum aflýst með þeim orðum að athugað yrði um haustið hvernig aðstæður væru.

Bjartsýni ríkti um vorið 2020 og þá kom stjórn KGSÍ saman og ákvað á fundi sínum 8. maí að stefna að því að halda aðalfund í Reykjavík um haustið, nánar tiltekið laugardaginn 17. október. Síðla sumars kom stjórnin saman á fundi og þá var ástandið í þjóðfélaginu farið að versna, fleiri smit og þrengri skorður. Um miðjan september var síðan ákveðið að hætta við fundinn í okt. og ákveðið var að árin 2019 og 2020 yrðu tekin saman á aðalfundi vorið 2021.

11. Margir lögðu hönd á plóginn

Þeim fjölmörgu sem starfa innan málaflokksins víða um land eru færðar þakkir fyrir samstarfið á árinu 2019. Margir lögðu hönd á plóginn og ber að þakka góðan liðsanda og samstarf að þeim þýðingarmiklu verkefnum sem KGSÍ er falið að sinna. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða. Bestu þakkir færir stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Reykjavík, í október 2020.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2019

REKSTRARTEKJUR:

Tekjur vegna sölu vorblaðs (ca. 375 eint. á 850 kr/stk.)	320.000
Skráning ítarefnis	80.000
Aðrar tekjur, sala rafrænna skráa frá gardur.is	170.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði vegna tölvumála	1.500.000
Endurgreiddur vsk vegna sérfræðivinnu	2.720.944
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði, skv. samningi	8.300.000
SAMTALS KR:	13.090.944

REKSTRARGJÖLD:

Kostnaður vegna Bautasteins; tímarits og fréttabréfs:

Vorblað - tímarit, skv samningi við Athygli	450.000
Annar kostn. s.s. ferðalög, myndir o.fl.	20.000
Fréttabréf KGSÍ, skv samningi við Athygli	85.000
Burðargjöld vegna vorblaðs	260.000
Burðargjöld önnur	10.000
	825.000

Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.500.000
Aðalfundarkostnaður	200.000
Bókhaldsvinna	550.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	200.000
Stjórnarfundakostnaður	150.000
Innlendur ferðakostnaður	180.000
Námskeiðahald og aðrir fundir	25.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	470.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is án vsk.	7.500.000
Auglýsingar og ýmis fastur kostnaður	250.000
	11.025.000

SAMTALS KR: 11.850.000

Tekjur umfram gjöld, án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	1.240.944
--	-----------

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS-

GJÖLD:

Vaxtatekjur	20.000
Vaxtagjöld	10.000

AFGANGUR AF REKSTRI ÁRSINS: SAMTALS KR: 1.250.944

Minnisblað þetta er lagt fram á fundi stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) með Hauki Guðmundssyni ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis, þann 18. september 2019. Fundurinn fjallaði um þann hluta nýlegs samkomulags milli ríkisins og þjóðkirkju er varðar breytingu á lögum um kirkjugarða í þá veru að greiðsluskylda kirkjugarða við þá sem sjá um prestsþjónustu vegn útfara verði felld út úr lögnum.

Hér fyrir neðan er rökstudd sú krafa stjórnar KGSÍ að ekki verði gerð breyting á gjaldalikani fyrir kirkjugarða þó að sá kostnaðarliður falli út.

Árið 2005 tók í gildi samkomulag milli kirkjugarðaráðs og ríkisins um greiðslu rekstrarkostnaðar kirkjugarða. Gjaldalikanið byggði á framlagi ríkisins til kirkjugarða árið 2005, alls 714,6 m.kr., þar af 127,6 m.kr. framlag til grafartöku (prestar og kirkjugarðar). Árið 2019 var framlagið til grafartöku 181,2 m.kr., hækkunin nemur 42% milli árána 2005 og 2019. Á tímabilinu júní 2005 til júní 2019 hefur byggingavísitalan hækkað um 133,2% og launavísitalan um 158,2%.

Í 5. gr. samkomulagsins er tilundað með hvaða hætti einingaverð samkomulagsins ættu að halda verðgildi sínu. Þar er nefnt í a-lið að 40% af framlagi ríkisins eigi að teljast vegna launakostnaðar og 60% vegna annars kostnaðar. Nærtækast er að nota byggingavísitöluna til viðmiðunar á 60% hlutanum og 85% af launavísitöluna á 40% hlutans.

60% af framlagi ríkisins til greftrana árið 2005 var 76,5 m.kr. og tekur á sig hækkun byggingavísitölu og fer í 178,4 m.kr. og 40% sem var 51,1 m.kr. tekur 135% hækkun (85% af launavísitölu) og fer í 120 m.kr. Samtals hefði framlag ríkisins til grafartöku átt að vera í kringum 298,4 m.kr., mismunur er 180,6 m.kr. Árið 2019 er áætlað að prestskostnaður verði um 80 m.kr. sem er 44% af útreiknaðri árlegri rýrnun á framlagi ríkisins til greftrana.

Af þessu má ljóst vera að hægt er að minnka rýrnun framlags ríkisins um 80 m.kr. með því að breyta ekki forsendum útreikninga gjaldalíkansins þegar greiðsluskylda kirkjugarða verður að veruleika við breytingu laga um kirkjugarða. Bent skal á að framlag ríkisins til grafartöku er um 16% af heildarframlagi til kirkjugarða landsins. Árlegur tekjumissir miðað við leiðrétt og rétt uppfærð einingaverð skv. samkomulaginu við ríkið nemur um eða yfir milljarði króna.

Að lokum skal bent á að ríkur skilningur er hjá fjárlaganefnd Alþingis á erfiðri rekstrarstöðu kirkjugarða. Halli er á vélarekstri stærri kirkjugarða og verktakar sem taka grafir hjá minni gördunum eru að stórum hluta til sjálfbóðaliðar við grafartökuna.

Reykjavík, 18. september 2019.



Þorsteinn Ragnarsson
formaður KGSÍ



Guðmundur Rafn Sigurðsson
varaformaður KGSÍ



Albert Eymundsson
ritari KGSÍ



Þjónustusamningur
Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ)



Samningsaðilar

Hugsmiðjan ehf., kt. 500101-2880, hér eftir nefndur þjónustusali.
Kirkjugarðasamband Íslands, kt. 681196-2429, hér eftir nefndur þjónustukaupi.

Lýsing

Með samningi þessum skuldbindur þjónustusali sig til að aðstoða þjónustukaupa við vefþróun. Samningurinn veitir aðgang að þverfaglegu teymi sérfræðinga Hugsmiðjunnar.

Helstu þjónustubættir Hugsmiðjunnar:

- Ráðgjöf
- Vefhönnun & upplýsingahögun
- Viðmótsforritun
- Forritun
- Stafræn markaðsetning
- Rekstur og viðhald
- Kerfisstjórn
- Neyðarþjónusta
- Aðstoð með efni og textagerð

Þjónustusali vinnur að þróun og uppfærslum á Bókunar- og skráningarkerfi kirkjugarðanna samkvæmt kröfum þjónustukaupa. Þjónustukaupi (tengiliður KGSÍ) hefur aðgang að starfsfólki á þjónustuborði þjónustusala á auglýstum afgreiðslutíma. Ekki skal taka við þjónustubeiðnum nema frá tengilið KGSÍ. Kerfið er í eigu þjónustukaupa.

Boðið er upp á neyðar- og útkallsþjónustu utan venjulegs skrifstofutíma (9-16), en fyrir þá vinnu er greitt fyrir útkall sem er að lágmarki 4 klukkustundir.

Innifalið í samningi:

- Hýsing á þróunar-, prufu- og raunvefsvæði KGSÍ í Amazon skýinu er með 99.9% upptíma
- Sjálfvirk vöktun allan sólarhringinn.
- Dagleg, tvöföld afritunartaka er á öllum gögnum og eru þau geymd í 30 daga
- Mánaðarleg uppfærsla á þjóðskrá og horfinnaskrá. Þjónustukaupi greiðir afnotagjald til þjóðskrár.

OS.
Mey.

Reglulegar greiðslur

- Hýsing á mánuði: 25.000 kr. án vsk
- 5 tímar á mán með 20 % afslætti 79.600 kr. án vsk

Mánaðarleg greiðsla þjónustukaupa skv. samningi þessum er skv. verðskrá Hugsmiðjunnar, við undirskrift samningsins er hún 104.500 kr. án vsk. á mánuði. Tímagjald Hugsmiðjunnar er 19.900 án afsláttar. Tímagjald fylgir launavísitölunni sem var 669,6 í okt. 2018 og er hún uppfærð í desember ár hvert.

Þjónustukaupi fær 20% afslátt af allri þjónustu miðað við gildandi verðskrá að hverju sinni.

Tengiliður KGSÍ er nú Arnfinnur R. Einarsson, tölvumaður hjá KGSÍ og getur hann óskað eftir að starfsmenn Hugsmiðjunnar vinni allt að 5 tíma á mánuði en stjórn KGSÍ þarf að samþykkja tíma umfram það. Ef föstu tímarnir eru ekki notaðir innan mánaðarins færast þeir til næsta mánaðar og síðan koll af kolli ef svo ber undir.

Þegar þessi samningur er gerður er legstaðaskráin aðgengileg fyrir tengilið KGSÍ og enn hýst hjá Sensa. Stefnt verður að því að sameina gagnagrunnana. Þegar (og ef) það verður þarf að skilgreina nánar hvaða þætti verkkaupi (eða skilgreindir fulltrúar verkkaupa) sér um sjálfur í gagnagrunninum, s.s. leiðréttingar, uppfærslur og viðbætur skráa.

Um viðbætur við skráningarkerfið, þ.e. Umfram 5 tímana verður samið sérstaklega sé verið að tala um verkefni sem tekur daga eða vikur.

Ef upp koma villur í kerfinu, sem hvorki stafa af mistökum notenda né tengjast breytingum sem eru í vinnslu, skulu þær leiðréttar þjónustukaupa að kostnaðarlausu.

05. þef.

Trúnaður

Starfsmenn þjónustusala skulu gæta fyllsta trúnaðar varðandi öll gögn og málefni sem þeir kunna að verða vísari varðandi þjónustukaupa, rekstur hans og viðskiptavina. Á sama hátt skal þjónustukaupi gæta fyllsta trúnaðar gagnvart þjónustusala í samræmi við þau lög sem hann starfar eftir. Hinn gagnkvæma trúnað skal halda í heiðri jafnt meðan á verki stendur, sem eftir að því lýkur.

Slit samstarfs og gildistími

Vanefni annar hvor samningsaðili þennan samning í verulegum atriðum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum og skal tilkynning um riftun send skriflega. Þessi samningur gildir í minnst ár frá undirskrift en er uppsegjanlegur af hendi beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara eftir það. Komi upp ágreiningsmál hvað varðar túlkun eða framkvæmd samnings skulu þjónustukaupi og þjónustusali leita allra leiða til að ná sáttum þar um án utanaðkomandi aðila. Takist ekki að leysa úr ágreiningsmálum með þessum hætti, þrátt fyrir ítrekaða sáttaumleitanir, skal ágreiningnum skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Undirskrift

Undirskrift þjónustusala:



f.h. Hugsmiðjunnar

Undirskrift þjónustukaupa:

f.h. KASSÍ,

Bónstæna Ragnarsdóttir, framsetur.

Dagsetning: 06.07.2019.

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2019

Kirkjugarðasamband Íslands
Vesturhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 681196-2429

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2019

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 8. maí 2020

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2
Áritun skoðunarmanna	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9

Skýrsla stjórnar

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2019 námu samtals kr. 10.588.491 og nam hagnaður ársins kr. 346.818. Heildareignir námu kr. 15.336.075 og eigið fé í árslok 2019 nam kr. 13.909.428.

Að álitum stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2019.

Reykjavík, 8. maí 2020


Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson
stjórnarformaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson
stjórnarmaður



Albert Eymundsson
stjórnarmaður

Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2019 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 8. maí 2020


Þóðbjörn Hannesson


Magnús Gunnarsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gatu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 8. maí 2020.

Deloitte ehf.

Halldór Arason,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur		10.588.491	15.568.821
		<u>10.588.491</u>	<u>15.568.821</u>
Rekstrargjöld			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		1.112.383	1.153.731
Laun og tengd gjöld	3	1.584.402	1.436.801
Annar rekstrarkostnaður		7.552.074	12.702.404
		<u>10.248.859</u>	<u>15.292.936</u>
Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		339.632	275.885
Fjármunatekjur	4	17.622	17.715
Fjármagnsgjöld	5	(10.436)	(10.346)
Hagnaður ársins		<u>346.818</u>	<u>283.254</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	14.003.095	10.711.053
Aðrar skammtímakröfur	7	1.153.313	115.596
Handbært fé	7	179.667	3.740.290
		<u>15.336.075</u>	<u>14.566.939</u>
Eignir		<u>15.336.075</u>	<u>14.566.939</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé	8	13.909.428	13.562.610
Eigið fé		<u>13.909.428</u>	<u>13.562.610</u>
Skammtímaskuldir			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma		884.691	32.480
Aðrar skammtímaskuldir	9	541.956	971.849
Skuldir		<u>1.426.647</u>	<u>1.004.329</u>
Eigið fé og skuldir		<u>15.336.075</u>	<u>14.566.939</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		339.632	275.885
Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>339.632</u>	<u>275.885</u>
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun) lækkun		(4.329.759)	(7.503.762)
Rekstartengdar skuldir (lækkun) hækkun		<u>422.318</u>	<u>54.558</u>
Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta		<u>(3.567.809)</u>	<u>(7.173.319)</u>
Innborgaðir vextir og arður		17.622	145.276
Greiddir vextir		<u>(10.436)</u>	<u>(37.576)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(3.560.623)</u>	<u>(7.065.619)</u>
Lækkun handbærs fjár		(3.560.623)	(7.065.619)
Handbært fé í upphafi árs		<u>3.740.290</u>	<u>11.410.865</u>
Handbært fé í lok árs		<u>179.667</u>	<u>3.740.290</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sambandsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Launamál

	2019	2018
Laun	1.339.000	1.198.486
Launatengd gjöld	245.402	238.315
	<u>1.584.402</u>	<u>1.436.801</u>

4. Fjármunatekjur

	2019	2018
Vaxtatekjur af bankareikningum	3.222	4.884
Aðrar vaxtatekjur	14.400	12.831
	<u>17.622</u>	<u>17.715</u>

5. Fjármagnsgjöld

	2019	2018
Fjármagnstekjuskattur	(572)	(1.541)
Önnur vaxtagjöld	<u>(7.863)</u>	<u>(7.322)</u>
	<u>(10.436)</u>	<u>(10.346)</u>

Skýringar

6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en er bókfærður á kr. 0.

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Innlendar viðskiptakröfur	14.003.095	10.711.053

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2019	31.12.2018
Útistandandi vsk.	1.153.313	115.596

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2019	13.562.610
Hagnaður ársins	346.818
Eigið fé 31.12.2019	13.909.428

9. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreidd laun og launatengd gjöld	52.793	72.953
Ógreiddir ýmsir reikningar	484.674	894.407
	541.956	971.849

10. Atburðir eftir lok reikningskiladags og önnur mál

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa skapast vegna Kórónuveirunnar og COVID-19. Starfsemi félagsins hefur raskast með þeim hætti að stjórn KGSÍ hefur ekki hist til að funda með tilliti til sýkingarhættu, samkomubanns og fjarlægðarreglu. Þetta hefur hægt á öllu starfi innan KGSÍ og hefur stjórnin m.a. aflýst fyrirhuguðum aðalfundi sem átti að halda 23. maí 2020

Sundurliðanir

	2019	2018
Styrkir og aðrar tekjur		
Skráning ítarefnis	45.000	81.500
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins	266.050	317.050
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði	9.800.000	15.000.000
Útseld þjónusta vegna gardur.is	477.441	170.271
	<u>10.588.491</u>	<u>15.568.821</u>
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		
Prentun	228.584	392.708
Prófarkalestur og hönnun	0	8.250
Annar útgáfukostnaður	724.062	498.857
Burðargjöld	159.737	253.916
	<u>1.112.383</u>	<u>1.153.731</u>
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	1.252.566	1.178.026
Aksturskostnaður	86.434	20.460
Tryggingagjald	98.033	92.032
Lífeyrissjóður	146.265	145.113
Aðrir sjóðir	1.104	1.170
	<u>1.584.402</u>	<u>1.436.801</u>
Annar kostnaður		
Aðalfundarkostnaður	675.256	5.808
Stjórnarfundakostnaður	112.820	133.748
Fræðslufundir	14.270	21.740
NFKK kostnaður	313.000	270.210
Pappír, prentun og ritföng	0	0
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl.	1.395.529	1.139.881
Önnur aðkeypt þjónusta	4.262.151	10.745.442
Ferðakostnaður	0	191.540
Afskriftir	367.908	0
Kostnaður vegna gardur.is	388.723	194.035
Annar kostnaður	22.417	0
	<u>7.552.074</u>	<u>12.702.404</u>